

# Starfsáætlun Textílmíðstöðvar Íslands 2021



Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir að klippa í sameiningu á þráðinn þegar Textíllab verður opnað þann 21. maí síðastliðinn.

Árið 2021 eru framlög mennta og menningarmálaráðuneytisins til starfseminnar 23.000.000.-. Jafnframt eru samningar lausir við Blönduósbæ og Húnavatnshrepp en gerður var þriggja ára samningur við bæði sveitarfélögin frá til ársloka 2020 þar sem framlag Blönduósbæjar var 2 milljónir og Húnavatnshrepps 1 milljón á ári. Þessum fjármunum er varið til að sinna samningsbundnum verkefnum í tengslum við umsjón með námsveri, fjarnám, samstarfi við háskólann í tengslum við próftöku o.fl. Samningurinn við ráðuneytið byggir á úttekt sem unnin var 2017 en farið hefur verið fram á endurskoðun samningsins í ljósi þess að starfseminni hefur vaxið mjög ásmegin á undanförunum árum og ekkert því til fyrirstöðu að byggja upp öflugan Textílláskóla á Norðvesturlandi með áherslu á rannsóknir, menntun og nýsköpun sem er hvergi til staðar á Íslandi. Áherslan á sérstöðuna, textíllinn hefur skilað sér í fjölda samstarfsverkefna innlendra sem erlendra.

## Textíllab-stafræn Textíllmiðja

Öflugt samstarf við samstarfsaðila í Centrinno verkefninu skapa möguleika á að koma á alþjóðlegu námi á sviði textíls þar sem unnið er með stafræna tækni og líftækni og áherslu á sjálfbærar og umhverfisvænar aðferðir.

Stefnt er að því að byggja upp innviði, aðstöðu, þekkingu og þjónustu sem uppfylla alþjóðlegar kröfur. Uppbyggingin er komin af stað og samstarf við BioPol á Skagaströnd gerir mögulegt að leggja grunn að textílinnviðum sem byggja á líftækni og stafrænni tækni. Búið er að fjármagna kaup á sérhæfðum stafrænum tækjum með uppbyggingastyrk úr Innviðasjóði þar sem mótframlagið kom úr Evrópu verkefninu Centrinno og Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra. Blönduósbær leggur til leigulaust húsnæði til fimm ára til að byggja upp starfsemina.

Til að uppfylla öll alþjóðleg skilyrði um aðstöðu er þörf á frekari fjárfestingum í innviðum. BioPol er reiðubúið að vera í samstarfi í tengslum við þá aðstöðu sem er nauðsynleg varðandi líftextíl.

Textíllmiðstöðin er búin að ráða Hafliða Ásgeirsson, tækniverkfræðing í tímabundið starf maí, júní og ágúst til að setja upp aðstöðuna og þróa verkferla. Fyrir liggur að til að verkefnið gangi þarf að ráða starfsmann til að hafa umsjón með Textíllabinu og vonandi tekst að finna fjármagn til að auglýsa eftir starfsmanni í 100% stöðu sem fyrst.

Það myndi gera Textíllmiðstöðinni kleift að byggja upp öfluga þjónustu, miðla þekkingu og byggja upp alþjóðlega námsbraut í framhaldinu.

## Uppbygging náms í textíls á Norðvesturlandi

Óafgreitt erindi Textílmíðstöðvarinnar er á borði mennta- og menningarmálaráðherra þar sem óskað er eftir auknu framlagi til að byggja upp námsbraut með áherslu á stafræna tækni, raftækni og líftækni í samstarfi við Textile Academy í Barcelona, sem jafnframt er samstarfsaðili í Evrópuverkefningu Centrinno. Námið er skilgreint sem staðbundið dreifnám þar sem nemendur hafa stuðning af leiðbeinanda á staðnum og aðgengi að vinnuaðstöðu og tækjakosti sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur. Skilyrði er að leiðbeinandinn hafi lokið náminu til að tryggja að hann hafi þá færni sem er krafist.

Þar sem enginn hér á landi býr yfir þessari kunnáttu í dag er hugmyndin að kalla eftir sérfræðingi úr Textile Academy til að vinna með Textílmíðstöðinni. Kennslan fer síðan fram í gegnum fjarfundi og er kennd af helstu sérfræðingum á heimsvísu á hverju sviði.

Textílmíðstöðin myndi í framhaldinu taka við keflinu og miðla kunnáttunni áfram bæði í formi námsbrautarinnar og með styttri námskeiðum sem hægt er að útfæra eftir eftirspurn þegar kunnáttan og aðstaðan eru til staðar.

Námið er búið að meta til 45 ECTS eininga á framhalds Háskólastigi t.d. hjá Polytechnic University of Catalonia og hafa nemendur val um hvort þeir vilja að námið sé metið til eininga og verkefni í samræmi við það.

Allir nemendur fá sömu verklegu kennslu.

Jafnframt þarf aðstaðan og kunnáttan að vera aðgengileg öllum nemendum í hönnunarnámi á framhalds- og háskólastigi. Einnig þarf að þróa endurmenntunarnám fyrir kennara á öllum skólastigum. Í framhaldinu er hægt að vinna samstarfsverkefni við skóla um allt land með áherslu á umhverfismál, nýsköpun og þróun í tengslum við textílinn og íslensk hráefni. En þekkingin sem verður að byggja upp hjá Textílmíðstöðinni spannar mörg svið svo sem list- og verkgreinar, sögu, líffræði og efnafræði og tæknigreinar svo dæmi séu tekin.

Háskólinn á Hólum hefur áhuga á samstarfi í tengslum við uppbyggingu á námsleiðinni og hafa fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar á svæðinu sýnt verkefningu mikinn áhuga og er að myndast þekkingarklasi í tengslum við textílinn á Norðurlandi vestra.

## Innlendir verkefnastyrkir

Verkefnið **Ullarþon**, hugmyndasamkeppni um nýtingu verðminnstu flokka ullarinnar fór fram í mars og fór þátttaka fram úr björtustu vonum. Starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar Hulda Birna Baldursdóttir hafði umsjón með stafræna þætti verkefnisins og ljóst að hennar færni skipti sköpum.

Kept var í fjórum flokkum og fór verðlaunaafhendingin fram þann 20. maí á HönnunarMars í sýningarrými Textílfélags Íslands og voru verðlaunin afhent af forseta Íslands. Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins og stóð styrkurinn undir útlögðum kostnaði 4.170.000 kr. Verkefninu er nú lokið.

### Markaðsstjóri Prjónagleði

Markaðsetning Prjónagleðinnar 2020 hlaut styrk að upphæð 5.162.000.-. úr Uppbyggingasjóði SSNV árið 2019. Þar sem Prjónagleðin 2020 féll niður vegna Covid-19 lýkur verkefninu í ágúst 2021.

Svanhildur Pálsdóttir var ráðin markaðsstjóri Prjónagleðinnar í hlutastarfi. Gert er ráð fyrir að hún vinni að verkefninu fram í ágúst og að þá verði búið að leggja drög að næstu Prjónagleði. Svanhildur hefur unnið ötullega að því að fá fleiri aðila að verkefninu og mun sjálf taka að sér að sjá um markaðinn.

Verkefnið **Sól í sveit** sem felst í uppbyggingu Textíltúrisma á Húnavöllum í samstarfi og í umsjón Húnavatnshrepp.

Sótt var um í **Lóu-nýsköpunarstyrk fyrir landsbyggðina** í samstarfi við BioPol á Skagaströnd, Ístex og FabLab á Sauðárkrók og er vænst svara í byrjun júní.

Markmið verkefnis er uppbygging Textíllabs sem byggir á líf-, snjall- og stafrænni tækni og endurvinnslu í samstarfi sveitarfélaga, fyrirtækja, háskóla, félaga og frumkvöðla á Norðurlandi vestra. Byggja upp aðstöðu sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um Textíllab. Með því verða til einstakir rannsóknarinnviðir og tækifæri til þróunar á nýjum virðisskapandi vörum með áherslu á fullvinnslu og endurnýtingu hráefnis. Verkefni leggur einnig grunn að Textíllasa á Norðurlandi vestra sem mun þjóna landinu öllu.

# Erlend samstarfsverkefni

## **Evrópuverkefnið Centrinno**

Verkefnið hófst í byrjun september 2020 og upphafs fundurinn ( „Kick off“ ) var haldinn í lok október á síðasta ári. Um er að ræða samstarfsverkefni stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka í níu Evrópuborgum og Mílanóborg leiðir verkefnið. Á Íslandi voru samstarfsaðilarnir tveir auk Textílmíðstöð; Háskóli Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Eftir að í ljós kom í frumvarpi ráðherra ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunar að Nýsköpunarmiðstöð Íslands yrði lögð niður um áramót var haft sambandi við ráðuneytið og Mílanóborg. Starfsfólk verkefnissins hjá Mílanóborg vann síðan að breytingartillögu á verkefninu í samstarfi við Textílmíðstöð Íslands sem leiðir verkefnið á Íslandi. Niðurstaðan var að lagt er til við Evrópusambandið að Textílmíðstöð Íslands og Háskóli Íslands taki í sameiningu yfir verkefnisþátt Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og fjármagn. Þeir verkefnisþættir eru umsjón með innleiðingu stafrænnar tækni og námskeið í tengslum við stofnun fyrirtækja, sjálfbærni og hringrásarhagkerfið.

Fulltrúaráð verkefnissins og verkefnisstjórn samþykkti þessar breytingar í janúar. Ennþá liggur ekki fyrir samþykki Evrópusambandsins á breytingum en áætlað er að endanlegt svar berist í ágúst.

Fundir vegna „Pilot“ verkefnanna eru haldnir hálfsmánaðarlega auk “training sessions” og upplýsingafunda vegna gagnasöfnunar, fulltrúaráðsfundir á þriggja mánaða fresti og fundir með öllum þátttakendum á hálfársfresti. Vonir standa til að hægt verði að halda næsta fund í Mílanó síðla hausts.

Pilot verkefnunum er deilt á hvert ár sem verkefnin standa, sjö mánaða tímabil þar sem staðið er fyrir viðburðum og námskeiðum og er opnun Textíllabsins hluti af Blönduós „Pilot“ verkefninu.

Á dagskrá er að halda námskeið í Textíllabinu sem og í umhverfismálum og mun hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins fléttast saman við alla nálgun.

Mikilvægt er að grípa boltann núna þar sem Ullarþoninu lauk og tilvalið að halda námskeið fyrir frumkvöðla með áherslu á textíl í samstarfi við Háskóla Íslands.

## **Allure-Erasmus+**

Samstarfsverkefni þar sem áherslan er á að þróa viðmót (app) sem hægt er að nota til að kynna sýningar, viðburði og námskeið með áherslu á einstaklinga og hópa sem eru ekki að sækja menningarviðburði og námskeið.

Samstarfsaðilarnir eru; mennta- og ferðamálaráðuneyti Galisíu á Spáni (Consellería de Cultura e Turismo, Xunta de Galicia)de sem jafnframt leiðir verkefnið, Háskólinn í Vigo Pontevedra á Spáni, og samtök atvinnurekenda (Associação Empresarial De Portugal) í Portúgal og Vinnustofur Lifandi Menningar í Lublin ( Warsztaty Kultury w Lublinie) Pólland.

Verkefnið er hafið og stendur yfir í tvö ár. Styrkurinn til Textílmíðstöðvarinnar er 23.136 evrur (3.545.129.-).

**FIBER FOCUS 2021** samstarfsverkefni með áherslu á ullarþekkingu styrkt af Norsk Islandsk Kulturfond unnið í samstarfi við Sommerakademiet 250.000 nok. (3.762.500.-).

Verkefnið er hafið og lýkur 2022.

**North Atlantic Wool Walks & Workshops** í samstarfi við Búnaðarstovan í Færeyjum, Sommerakademiet í Noregi, Nýsköpunarmiðstöð Suður Grænlands, auk einstaklinga með sérfræðiþekkingu í söfnun og framsetningu á viðtölum, kvikmyndagerð og uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Verkefnið er leitt af Textílmíðstöðinni og hlaut hæsta mögulega styrk úr NORA kr. 500.000 dkk. (10.530.000.-).

## Fjárhagsáætlun 2021

<b>Tekjur</b>	
Hagnaður síðasta árs	3.129.822
Samningur við ríkið	23.000.000
Samningur við Blönduósbæ áætlað óbreyttur	2.000.000
Samningur við Húnavatnshrepp áætlað óbreyttur	1.000.000
<b>Styrkir</b>	
Centrinno 2021-2024 50.976.058 (árið 2021)	16.000.000
Uppbyggingasjóður vegna þrjónagleði (úthlutað 2020 1.548.600)	3.613.400
Innviðasjóður ógreitt vegna tækjakaupa	12.651.000
Ullarþon-Framleiðnisjóður landbúnaðarins	4.170.000
Atlantic Wool Walks and Workshops-NORA 500.000 dkk.	3.746.250
Þar af styrkur til Textímiðstöðvarinnar 2021-2022	
Textíllistamiðstöð greiðsla vegna launa- og umsýslu	4.000.000
Tekjur þrjónagleði	2.000.000
	<b>75.310.472</b>
<b>Gjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld	-33.000.000
Kostnaður vegna verkefna	-3.800.000
Stjórn ökutækjastyrkur og dagpeningar	-1.200.000
Þrjónagleði (ekki launakostnaður)	-1.000.000
Aðkeypt þjónusta	-15.500.000
Rekstur	-1.500.000
Húsaleiga	-1.700.000
Endurskoðun og reikningsskil	-900.000
Kynningarefni	-400.000
Sími, net, hugbúnaður	-1.400.000
Annar rekstrarkostnaður	-7.395.472
Tækjakaup	-7.515.000
	<b>-75.310.472</b>



